

Nd.

593. Frumvarp til laga

[130. mál]

um breyting á lögum nr. 74 28. maí 1969, um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. apríl.)

1. gr.

Við 17. gr. laga nr. 77/1962, eins og hún er ákveðin í 3. gr. laga nr. 74/1969, bætist ný mgr., sem verður 2. mgr., svo hljóðandi:

Áhafnadeild aflatryggingasjóðs skal greiða eigendum fiskibáta með þilfari, sem ekki hafa lögskráningarskyldu, hluta af fæðiskostnaði sjómanna þeirra báta: 85 krónur á úthaldsdag og áhafnarmann. Skilyrði fyrir greiðslu þessari er, að eigendur viðkomandi báta fullnægi reglum áhafnadeildar aflatryggingasjóðs, sem deildin setur fyrir greiðslu hluta fæðiskostnaðar á þessari bátastærð, áhafnir bátanna hafi fulla atvinnu af þessum störfum eigi skemmri tíma en fimm mánuði á ári og eigendur þessara báta tryggi áhafnir sínar sömu slysatryggingum svo og líf- og örorkutryggingum sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

2. gr.

18. gr. laga nr. 77/1962, eins og hún er ákveðin í 3. gr. laga nr. 74/1969, orðist svo:

Greiðslur úr áhafnadeild aflatryggingasjóðs skulu inntar af hendi eigi síðar en einum mánuði eftir lok hvers kauptryggingartímabils, eins og þau eru ákveðin í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

3. gr.

Á eftir 1. málslíð 19. gr. laga nr. 77/1962, eins og hún er ákveðin í 3. gr. laga nr. 74/1969, komi nýr málslíður, svo hljóðandi:

Á bátum, sem eigi hafa lögskráningarskyldu, skal trúnaðarmaður Fiskifélags Íslands staðfesta úthaldsdagafjölda og áhafnarstærð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og ná til úthalds fiskibáta frá og með 19. febrúar 1969.